

Starfsárið 2019

12.10.2019



Efnisyfirlit

Veturinn, undirbúningur og bingó	3
Námskeið og mót	4
Æskan og hesturinn og páskaeggjaleit	5
Æskan og hesturinn í Víðidal	6
Reiðtúrar, strendur og fjör	7 - 8
Reiðskóli Mána	9

Skýrslan

Í þessari skýrslu er fjallað um æskulýðsstarfið hjá hestamannafélaginu Mána starfsárið 2019.

Tengiliðir varðandi nánari upplýsingar

Ólafur R. Rafnsson

840 2000

olafur.rafnsson@formenn.is



Veturinn

Að þessu sinni hófst starfið á því að skipuleggja viðburði eins og tíðkast hefur undanfarin ár hjá hestamannafélaginu.

Undirbúningur og Lazertag

Þetta árið hófst undirbúningur með hittingi í reiðhöllinni þar sem krakkarnir fóru í Lazertag. Það var gríðarlega gaman þó að framanaf virtist ekki vera mikil stemming þá breyttist það fljótt þegar að krakkarnir fóru að hlaupa um og fela sig um alla reiðhöll.

Það var samdóma álit allra viðstaddra að þetta verði gert aftur og er þessi viðburður þegar kominn á dagskrá fyrir næsta vetur.

Bingó

Vegleg verðlaun voru að þessu sinni í árlega bingó og í stað súkkulaðis þá voru vegleg verðlaun, ábreiður mular, taumar og höfuðleður.



Námskeið og mót

Námskeið á árinu


Það sem var í boði fyrir krakkana var m.a. námskeið stutt af æskulýðsnefndinni þar sem Jóhanna Margrét Snorradóttir fór yfir ásetu og helstu undirstöðuatriði sem mikilvægt er að læra.

Þá var einnig sambærilegt námskeið haldið fyrir krakkana þar sem Elfa Hrund Sigurðardóttir leiddi kennslu stöðvun með ásetu, mýkt í taumhaldi, hægri og vinstri ásetu og taumur gefinn. Einnig var farið yfir reiðleiðir inni í reiðhöll.



Mót

Þá tóku krakkarnir þátt í mótum þetta árið og voru veitt vegleg verðlaun fyrir alla þátttakendur. Þarna eru bæði pollar teymdir og aðrir sem eru að stíga sín fyrstu skref í mótum.




Apríl

Undirbúningur fyrir Æskan og hesturinn

Krakkarnir tóku virkan þátt í undirbúningi fyrir Æskuna og hestinn. Er þessi undirbúningur mjög mikilvægur fyrir þá krakka sem eru að stíga sín fyrstu skref í hestamennsku sem og aðra.

Á æfingum þá er m.a. Farið í leiki, þrautabrautir settar upp og margt fleira skemmtilegt.



Páskaeggjaleit

Þetta árið þá fóru krakkarnir í páskaeggjaleit. Farið var í ratleik þar sem útbúnar voru leiðbeiningar og þeim dreift um hverfið.

Leiknum var stillt upp þannig að krakkarnir áttu að finna hesthús þeirra sem eru í hverfinu og voru eigendur á staðnum til að taka við krökkunum. Þar fengu þau næstu vísbendingu og svo koll af kolli.

Þannig voru krakkarnir að kynna fólkinu í hverfinu og fólkið að kynna krökkunum. Þetta lukkaðist mjög vel og klárt að þetta verður gert aftur.

Mái

Æskan og hesturinn í Víðidal

Hestamannafélagið Máni er eitt af þeim félögum sem standa að þessum viðburði sem hefur fyllt reiðhöllina í Víðidal undanfarin ár. Þessi viðburður er mjög mikilvægur, þar sem ungir sem aldnir geta kynnt sér íslenska hestinn og fyrir krakkana að fá að sýna afrakstur æfinga á líðandi veturs.

Þetta árið tóku þátt sex kakkar frá Mána, yngsti knapinn var 5 ára og sá elsti 14 ára. Krakkarnir stóðu sig frábærlega og eru staðráðnir í að taka þátt að ári. Þá voru aðrir krakkar sem horfðu á einnig mjög áhugasamir að vera með að ári og mun Máni stefna að því að festa þennan viðburð í sessi hjá æskulyðsnefndinni og í starfinu.



Æskan og hesturinn 2019



Júní

Reiðtúr í blíðskaparverði í Sandvík

Pann 1. júní fór æskulýðsnefnd í kerruferð, í þetta sinn var förlinni heitið í Sandvík. Riðið var um svæðið, upp og niður sandhóla og meðfram fjörunni.

Þegar búíð var að ríða um svæðið þá var búíð um sig í laut þar sem krakkarnir og foreldrar gæddu sér á snúðum og annari gómsætri næringu.

<https://youtu.be/-YUjGw6Y6os>



Sumarið


Löngufjörur

Farið var í kerruferð á Löngufjörur í stórkostlegu veðri. Þar var m.a. sundríðið, ríðið meðfram sjónum á ströndinni, náttúran og dýralíf allt um kring.

Þarna voru forvitnir selir sem svömluðu um þegar verið var að sundríða, fuglar og fólk, af sjálfsögðu hestarnir sem höfðu gríðarlega gaman af þessu öllu saman.

Mjög líklegt að þetta verði árviss viðburður en Máni er svo heppinn að alveg við ströndina búa Viðar og Helena og eru ekki nema ca 400 metrar niður á strönd frá bústaðnum þeirra.

Þau fá miklar þakkir fyrir að leiða okkur um þessa náttúruperlu!



Sumarið

Reiðskóli Mána

Krakkar sem tóku virkan þátt í starfinu sl. vetur aðstoðuðu krakka sem sóttu námskeið hjá reiðskóla Mána þetta sumarið.

Fræðslu var skipt upp í tvo hluta, bóklegt og verklegt. Námskeiðin luku með sýningu fyrir foreldra og var einnig farið í útreiðartúra um svæðið.

Fullt var á öll námskeiðin og studdi félagið við skólann með því að fjárfesta í öryggisbúnaði ásamt því að félagar lánuðu hross og aðstoðuðu eftir þörfum við járnningar ofl.



Alltaf stuð í reiðskóla Mána